

# HEIMIR

---

I. ÁR.   ❁ WINNIPEG, MAN. I. NÓVEMBER 1904. ❁   NR. 6.

---

STEPHAN G. STEPHANSSON:

## MILLI LESMÁLS OG LJÓÐA.



### Formáli.

Sem þig lystir, lesari' minn!  
Langi þig ekki' að koma inn:  
Velfarnan, gæzkan mín góða.  
Viljir þú dvelja' í dag hjá mér,  
dunda skal eg fyrir þér  
milli lesmáls og ljóða.

### Landnámskonan.

Tileinkað minningu Margrétar Jónsdóttur frá Tindastól í Alberta

#### I.

Smá dregur að héraðsins haustnótta hvíld.  
Á húsflugga frostlægða þakskautin sýld  
sezt hélunnar marmara-mjalli.  
Hver jurt, sem um fardaga fulltíða bjó  
og flutti með vorsól á grund eða' í skóg,  
er felld — eða liggur við falli.

Og það er sem hilli upp holgrafinn reit,  
þar haustkólgan rís yfir útkjálka sveit,  
mænd skýkumlum rokstorma-raufa.

Og umhleypingsbylurinn áttavillt blæs  
 um almannafæri og skjólveggi bæs,  
 og reikar með líkfylgdum laufa.

Og nú er sem kveldroðann festi' ekki' á fjöll,  
 en forsælu' um hádegi viðri' um þau öll  
 að hraðfara dagsetri í dalnum. — — —  
 En fyrst eg í kveld, er til gígjunnar geng,  
 strýk gómunum kreptu við ósnortinn streng:  
 Í nótt skal eg vaka' yfir valnum! —

## II.

Í veraldarsöguna var hér skarð.  
 Þau vetur og sumar um auðan garð  
 hér gengu frá upprofi alda.  
 Allt vesturland heiðavídd húsnæðislaus,  
 stór hafvilludraumur. — Hér gréri og fraus,  
 en engum til vegs eða valda.

Svo hófst hún þó loksins, þess arðsemis öld.  
 Í áföngum talin og miðuð við tjöld  
 varð laufmörk og ládeyðu-slétta.  
 Og svo spratt um kafgrass og kjarrskóga geim  
 upp kotbær, og þangað lá mannaslóð heim,  
 því albyggðar upphaf var þetta.

Og Evrópa hrífsaði happa-fund.  
 Frá Hafsbótnum suður um Stólpasund  
 hver þjóð slóst í landskosta leitir.  
 Og norræna og suðræna, sundurleit mjög,  
 í samvinnu gengu um bænda-lög  
 um frónskar og framandi sveitir,

Svo knýttist um þjóðernin bróðernis band,  
 unz byggðin varð allsherjar fósturland,

ið sundraða frumbýli' að sveitum.—  
 Samt lýsa hér eldar ins aðkomna manns—  
 við arinstöð glæddir hans föðurlands—  
 á byggða og héraða heitum.

## III.

En liðinn er margur sá hugur og hönd,  
 sem heimilin festi, sem vann þessi lönd,  
 og landnema lestirnar þynnast.  
 Þeir kveða sitt hljóðfall í hörpustreng minn,  
 úr hálfylltum grafreit eg ómana finn  
 í vísu, sem Margrétar minnast.

## IV.

Er íslenzkan valdi hér byggðir og ból,  
 varð bær hennar Margrétar ferðamanns skjól  
 og viðnám gegn veglúa meini.—  
 Því oft var þá geislinn frá sumarsól  
 manns sveitungi næsti við Tindastól,  
 Og norðanhríð nágranninn eini.

Og ágizkuð stefna var þjóðbrautin þá,  
 og þungkleyfur straumur í vaðlausri á,  
 og andsvalt á auðnunum flötu. —  
 In vestræna strjálbyggðar vegalengd  
 var vinarhúss-leiðum um bæ hennar tengd,  
 því gestrisnin lagði þar götu.

Og af því að sinna heima-hag  
 hún hlúði með árvekní sérhvern dag,  
 varð bærinn æ bjartari' og hlýrri.  
 Og allt af var heimilið héraðsbót,  
 þó húsaskjól fjölguðu' og vegamót  
 og byggð væru nágrenni nýrri.

Hver býr sig til fundar við lærdóm og list  
 í landi sem heimtar öll búverkin fyrst?

En bros hennar leit ég því lýsa:  
 Að það átti í sál hennar ættgengi allt,  
 sem ört var og djarfmannlegt, frjálslegt og snjallt,  
 skarpt gagnyrði, vel kveðin vísa.

## V.

En samt veit eg, Margrét, að saga vors lands  
 mun svíkja að flétta neinn minningarkrans,  
 um lífsstarf þitt hógværa, hljóða. —  
 Fyrst manngildi' er dálkur í dagblaða stærð,  
 og dómstóll þess orðstír og klerka mærd,  
 og tildrið á lofköstum ljóða.

Og svo þykir gagnslaust að gefa þeim hljóð,  
 sem gengur um haustnótt og flytur sín ljóð  
 við ókunnunni leiðin og lágu.

En vittu það heimur, að hér er það lið,  
 sem hélt þér við ættjörð, er mest lá við,  
 er stórmenni sögunnar sváfu.

Hvert urðu' ekki tjón fyrir lýði og lönd,  
 röm lánsælda öftrun og huganum bönd,  
 mörg þrekvirki', er sett voru' í sögur?  
 En þjóðheillir auðgar þó æfi hvers manns,  
 ef eftir hann liggur á bersvæði lands  
 þarft handtak, ein hugrenning fögur.

Eg kveð ei til frægðar, og fæst ekki um það—  
 en framtíðar-söguna spyr þessu að:  
 Var kröftum þeim kastað á glæinn,  
 sem uppveiti lýðþroskans léðu sinn vörð,  
 sem landauðnir gerðu að móðurjörð,  
 að heimili búlausa bæinn?



## Faðirinn.

SMÁSAGA EFTIR BJÖRNSTJERNE BJÖRNSSON.

Maður sá, er hér segir frá, var sá ríkasti í allri sókninni. Hann hét Þórður á Efra-Ási.

Dag einn stóð hann í stofu prestsins hljóður og alvarlegur. „Eg hef eignast son“, mælti hann, „og vildi gjarna fá hann skírðan“.

„Hvað á hann að heita?“ — „Finnur, eftir föður mínum“ — „Og skírnarvottarnir eru?“ — Hann nefndi þá og voru þeir helztu menn og konur sveitarinnar, ættfólk hans.

„Er það nokkuð annað?“ spurði prestur og leit upp. Bóndi þagði stundarkorn. „Eg vildi helzt, að hann væri skírður út af fyrir sig“, sagði hann. — „Það er að segja á rúmhelgum degi“ — „Já, næstkomandi laugardag klukkan 12 um hádegisbilið. — „Er það þá nokkuð fleira?“ spurði prestur. — „Ekki annað en þetta“, og bóndi setti upp húfuna, sem væri hann að fara.

Prestur stóð þá á fætur. „Það er enn eitt“, sagði hann og færði sig yfir til Þórðar, tók í hönd honum og leit framan í hann. „Guð gefi að barnið megi verða þér til blessunar“.

Að sextán árum liðnum frá þeim degi var Þórður staddur á ný í stofu prestsins. „Þú heldur þér nokkuð gott, Þórður minn“, sagði prestur, því hann sá ekki, að karlinum hefði farið neitt aftur. „Eg hef heldur engar áhyggjur að bera“, svaraði Þórður. Prestur þagði við því, en að líftilli stundu liðinni spurði hann. „Hvert er erindi þitt í kveld?“ — „Í kveld kom eg í erindum sonar míns, er á að fermast á morgun“. — „Hann er skarpur piltur“, mælti prestur. — „Eg ætlaði ekki að borga prestinum fyrr en eg frétti, hvar hann yrði settur“.

„Hann verður látinn sitja efstur.“ — „Það vil eg heyra, og hér eru 10 dalir til prestsins“. — „Er það þá nokkuð fleira?“ spurði prestur og leit til Þórðar. „Annað er það ekki“, — og Þórður fór.

Nú liðu átta ár, unz að einn dag heyrðist háreysti mikil fyrir framan stofudyr prestsins, því þangað var kominn mann-

söfnuður mikill, og Þórður þar fremstur í flokki. Prestur leit upp og kenndi strax manninn. — „Þú kemur liðmargur í kveld“. — „Eg ætlaði að fá lýst með syni mínum, hann gengur að eiga Karínu frá Stóruhlíð, dóttur Guðmundar, sem einnig er hér staddur í kveld“. — „Það er ríkasta stúlkan í sveitinni, er ekki svo?“ — „Svo er sagt“, mælti bóndi, og strauk með annari hendi hárið aftur með vanganum. Prestur sagði ekki neitt, en sat sem hugsí nokkra stund. Því næst skrifaði hann nöfn þeirra inn í bók hjá sér, og feðurnir skrifuðu nöfn sín þar undir. Þórður lagði þrjá dali á borðið. — „Eg á að eins einn“, mælti prestur. — „Það vissi eg og, en hann er einkabarn mitt; eg vildi gjarna að það væri myndarlega gert“.

Prestur tók við peningunum.

„Þetta er í þriðja skifti að þú ert staddur hér vegna sonar þíns, Þórður minn“. — „Já, en nú er eg líka búinn að ljúka mér af með hann“, svaraði Þórður, braut saman vasabók sína, kvaddi og fór, og förunautar hans í hægðum á eftir.

Tveim vikum síðar réru þeir feðgar út vatnið í blíðviðri yfir til Stóruhlíðar til þess að tala sig saman um brúðkaupið. „Þóftan er ótraust, sem eg sit á“, sagði sonurinn og hann stóð upp til þess að skorða hana betur. En í því bili sporðreistist fjölin, er hann stóð á. Hann fórnaði upp höndunum, rak upp hljóð og steiptist útbyrðis. „Gríptu í árina“, hrópaði faðirinn, er hann reis á fætur og stakk árinni út, en jafnskjótt og sonurinn hafði gert fáein tilþrif, var sem hann stirðnaði upp. „Bíddu svolftið“, hrópaði faðirinn aftur, og hann venti til bátnum. En við það kastaðist pilturinn upp í loft, leit til föður síns og hvarf til botns.

Það var sem Þórður tryði ekki sjálfum sér. Hann hélt bátnum kyrrum á sama stað og starði ofan í vatnið. Þar sem sonur hans hvarf, sem ætti hann von á að heimta hann til baka. Það risu upp nokkrar bólur á yfirborðinu ein og ein í senn, og svo að síðustu ein stór og hún sprakk,—og vatnið bærðist ekki og lá aftur spegilslétt.

Í þrjá daga og nætur sá fólk hann róa þar fram og aftur á sama stað, án þess hann neytti svefns eða matar. Hann var að leita sonar síns. Og loks á þriðja degi — að hann fann hann

þá um morguninn — kom hann með hann í fanginu upp bakkann og færði hann heim.

Nú leið sjálfsagt rúmt ár frá því þetta skeði. En síðla eitt kveld um haustið, þá heyrir presturinn að komið er hægt við dyrnar á forstofunni, og þreifað varúðarlega fyrir sér eftir lokunni. Prestur lauk upp dyrunum, og maður kom inn, lotinn, alvarlegur, magur og hvítur á hár. Presturinn horfði lengi á hann áður en hann kæmi fyrir sig hver hann væri. Þetta var Þórður. „Ber þig svona seint að?“, spurði prestur og staðnæmdist fyrir framan hann. „Ójá, eg er seint á ferð“, mælti Þórður og setti sig niður. Prestur tók sér og sæti sem hann biði einhvers. En það var lengi dauðapögn. Loks sagði Þórður: „Eg kom hér með nokkuð, er eg vildi gefa til styrktar fátækum. Það getur verið sjóður, er beri nafn sonar míns“. Hann stóð á fætur, lagði peninga á borðið og settist svo niður aftur.

Presturinn taldi peningana og sagði því næst: „Þetta eru miklir peningar.— „Það er helmingur jarðarverðsins. Eg seldi jörðina mína í dag“.— Presturinn sat þegjandi langa stund. Loksins segir hann með þýðri rödd: „Hvað hugsarðu þér nú að taka þér fyrir?“ — „Eitthvað göfgara.“—

Þeir sátu svo um stund. Þórður horfði niður fyrir sig ofan á gólfíð, en prestur starði á hann.

Þá sagði prestur loks hægt og seint: „Nú held eg að sonur þinn hafi loks orðið þér til blessunar“. — „Mér finnst það og líka sjálfum“, sagði Þórður. Hann leit upp sem skjótast og tvö stór tár hrundu niður kinnharnar.

(Lauslega þýtt).

## Hjátrú.

Smágreinar úr Plutarchs „De Superstitione.“

Óviðráðanlegust og ólæknanlegust allra öfga er hjátrúin. Sjórinn ógnar þeim ekki, er aldrei fer á skip, né orustan þeim, sem heima situr. Stigamaðurinn hræðir ekki þann, sem aldrei

ferðast, né ræninginn þann efnalaus, né sá öfundsjúki þann er ekki fæst við opinber mál. Í Gallíu óttast menn ekki jarðskjálfta, né í Eþíópíu þrumufleyginn. En sá sem óttast guðina má hræðast alla þessa hluti,—land, sjó, loft, himinn; ljós, myrkur, hljóð, þögn og drauma (3).

Til eru lög, er leyfa þrælum þeim er lagt hafa niður fielsí sitt, að krefjast sölu, að þeir geti með því móti eignast réttlátari húsbændur. En hjátrúin leyfir engum að skifta um guði, né er það mögulegt að finna þann guð, er ekki fylgir þrælsótti fyrir þann, sem óttast bæði hús- og heimaguði sína, sem nötrar fyrir frelsurum og velgjörurum, sem skelfur og titrar fyrir þeim, sem vér áköllum og beiðumst vellíðunar af, fullnægingar, friðar, rólegheita og leiðsagnar til orða og gjörða (4).

Goðastallurinn er griðastaður þræla, jafnvel ræningjar halda griðhelgina og saurga ekki guðalskneskin, og eins þeir er flýja fyrir ofsækjendum fyllast djörfung á ný við það að komast í námunda við hof eða hörða. En sá hjátrúarfulli fyllist þar ótta og örvæntingar og hræðist þá sömu hluti, er létti byrðinni og lyfti von þeirra er í hættu voru staddir. Í hefndarskyni ætti ekki að þurfa að draga hjátrúarsjúkan mann frá ölturum guðanna. Hann tekur þar út sínar þjáningar.—

En hví að vera að orðlengja það.—Dauðinn er í augum flestra endir alls böls og nauða. En í huga þess hjátrúarfulla er hann það ekki. Hann seilist út fyrir takmörk þessa heims og innbyrlar sér ótta við tilveru hinum megin, er lengri sé en þetta líf, og við dauðann hefst byrjun eilífra kvala (4).

Nokkrir berjast við óhamingju og óréttlæti, en hinn öfgasjúki maður kastar frá sér allri von, og segir: „Þessar þjáningar verður þú að bera, heillum horfni maður, því svo fyrirskipar forsjónin og hin helgu lög“ (7).

---

#### AÐSENT.

Léttu nú, Heimir,  
húmsins mökkva  
lúðum lýðs vors af anda.

Flyt þitt sannleiksorð  
sérhverju barni  
frjálsrar, frónskrar dróttar.

St. S.



## Félagsmálin.

### I.

Árið sem leið á ársfundi ameríska Unitarafélagsins var svólátandi uppástunga samþykkt:

„Að forseti félagsins setji nefnd, er hafa skuli á hendri rannsóknir viðvíkjandi því, á hvern hátt heppilegast sé að halda uppi mission-starfi meðal útlendinga, er nýskeð hafi flutt inn í landið og tekið sér þar bólfestu“.

Nefnd þessi hefir nýlega lokið starfi og lagt fram skýrslur sínar því viðvíkjandi, er gefnar hafa verið út af félaginu.

Nefndarálitíð, eins og það er prentað, er yfir 32 síður, og skýrir frá hinu trúarlega ástandi hinna ýmsu þjóðflokka, er flutt hafa til Bandaríkjanna nú á seinni tíð. Þar er minnst á Íra, Þjóðverja, Hollendinga, Skandinava, Ítali, Frakka, Bæheiminga, Slovaka, Ungverja, Pólverja og Rússa.

Misjafnir dómur eru lagðir á þjóðflokka þessa frá sjónarmiði Ameríkana, en þó er Þjóðverjum, Hollendingum og Skandinöllum borin sagan vel yfirleitt.

Þjóðverjinn er lýst sem dálítið sérkennilegum, að þeir haldi fast við sína þjóðarsíði og mál, en að öðru leyti sé mjög mannblendnir og félagslyndir. Meðal þeirra eru margir hámenntaðir menn og prófessorar við ýmsa mestu skóla landsins. Þeir eru sagðir gjarnari á að eyða sunnudögunum í heimsóknir eða sér til skemmtunar út í lystigörðunum, en sitja undir prédíkunum í kyrkjum. Þó eru þeir hvorki trúardaufir né ótrúhneigðir menn. Nefndarálitíð vill leggja kyrkjinni það að dyrum, að þeir heldur halda sig frá henni en að. Og er það í því samdóma einum þýzkum mentamanni, Ed. A. Steiner, er skrifaði um félagslíf Þjóðverja í tímaritíð „Outlook“ í fyrra.

Hann segir, þar sem hann er að tala um hið kyrkjulega ástand þeirra: „Að nafninu til eru Þjóðverjar taldir ýmist lútherskir eða kaþólskir. En ef maður horfir yfir kyrkjulíf þeirra hér í landi, þá sér maður fljótt, að hvorki kaþólska eða lútherska kyrkjan hefir fylgst með í andlegum framförum og

frjálslyndi kyrkjunum heima, né heldur hafa þær sýnt nokkurn áhuga fyrir verklegri framför“.

„Þýzk-lúthersku prestarnir eru jafnvel enn meir útilokandi í hugsunarhætti sínum en þeir kaþólsku. og í viljaleysi með að bindast nokkuri samvinnu við aðra menn, að hrinda því áleiðis, sem orðið gæti þjóðfélaginu til heilla“.

„Í þýzk-lúthersku kyrkjuni ganga flestar prédikanirnar út á löngu úrelt guðfræðis-spursmál, Sjaldan eða aldrei er daglega lífið umræðuefnið. Siðfræðis kenningar heyrast ekki. En það er keppst við að rekja spor gömlu guðfræðinganna, sem sönnuðu allt með „skrifað stendur“.

Dr. Steiner er og á þeirri skoðun, að fyrir þessa skuld frá-fælist margir kyrkjuna, strax og þeir koma til þessa lands. Menn finna enga svölun í þess háttar kenningum, engar leiðbeiningar, engan styrk. Sýnilega eru þeir engu betri nema oft og tíðum síður til, þeir sem innan safnaðanna standa, og svo verður endirinn sá, að fólk snýr á burt. Þjóðverjar eru að upplaginu til ærlegir og þeir hatast við hræsni og látalæti. En ósjálfrátt verður sú getgátan ofan á, að innan kyrkjunnar sé þéttskipað hræsnurum og trúðurum, er gjöri alvarlegustu mál mannsandans að kaupstaðarinnleggi við markaðsborð sannfæringa prangara, eða þá að einberri heimsku er hneyksli bæði þá háu og lágu. — Margir gjörast því trúarafneitendur og sumir fjandmenn allra kyrkna og kristindóms.

Um Skandinava ferst nefndarálitinu þannig orð, að þeir sé með þeim beztu útlendingum, er flytji til þessa lands, bæði vinnugefnir og skynsamir, næmir fyrir öllum nýjum hugsjónum og mjög í samræmi við Ameríkana sjálfa.

Það segir að þetta sé vitnisburður þeirra hjá Missions umsjónarmönnum og mannfélagsfræðingum landsins:

„Að trúarbrögðum til eru Skandinavarnir að nafninu til lútherskir, en í sannleika tilheyrja þeir engri kyrkjudeild. Þeir eru rannsakandi og spyrjandi, efunargjarnir og einrænir og láta sig litlu skifta hvað ofan á verður. Hin lögboðnu trúarbrögð þeirra er lútherskan, er mjög skammt hefir komist fram úr kaþólskum, en nú í seinni tíð hefir frskyrkjuhugmyndin náð töluverðri útbreiðslu í heimalöndunum, einkum á Norðurlöndum.“

Um hina aðra þjóðflokka útlenda fer og nefndarálitid nokkrum orðum, og af þeim telur það Bæheiminga fjarlægasta kyrkjunni. Í Chicago, þar sem þeir eru mjög fjölmennir, eru sagðir 300 söfnuðir þeirra, er játa algjört guðleysi. Sagt er að um 30 trúleysingja blöð sé gefin út á meðal þeirra, vísðsvegar um landið.

Að nafninu til er fólk þetta allt talið kaþólskt, en þegar farið er að gefa því sterkar gætur, sjást þess skjótt merki, að kyrkjan hefir ekkert vald yfir þjóðinni.

Dr. Steiner, er um þá hefir ritað í „Outlook“, segir: „Hin trúarlegu umbrot meðal Bæheiminga eru að eins baráttan milli frjálsrar trúar og kaþólskunnar, og það er mín skoðun, að trúleysi það, sem hirtist þeirra á meðal, sé að eins þrá eftir meiru trúarbragðalegu frelsi.“

Eins og meðal Bæheiminga svo kvað ástandið vera hjá Pólverjum og Ungverjum. Að nafninu til kaþólskir, en í raun og veru allt annað. „Pólverjar eru strax og hingað kemur allt annað en auðmjúkir undirsátar kaþólskunnar. Strax og þeir fara nokkuð að hugsa, kalla þeir sig trúleysingja, og jafnvel mikill meiri hluti pólsku safnaðanna í Bandaríkjunum hefir sagt skilið við páfann í Róm.“

Þessu líkt er vitnisburður sá, sem allir hinir útlenzku þjóðflokkar fá. Að nafninu til eru þeir taldir þessarar eða hinnar kyrkjunnar. En undir niðri eru þeir hvorki eitt eða annað.

Bandaríkjaþjóðin í heild sinni hefir um langan aldur verið að fjarlægjast meir og meir kreddur og hleypidóma. Og útlendingarnir, er flytja inn í landið, verða skjótt engir eftirbátar þeirra, sem fyrir eru. Að nafninu til hanga þeir í kyrkjunum, en sannfæring þeirra fyrir kenningunni er engin. Og þótt verið sé að telja þá með, þá þegar farið er í strangan reikningskap og taka á fyrir öll játningarrit hinna ýmsu kyrkna, er telja sér svo og svo marga áhangendur, þá finnst varla maður í öllum hópnum, er trúir helmingnum eða þriðjungnum af því.

Það er meaning nefndarálitsins, að það sé vegna þekkingarleysis á öðrum frjálsari trúarskoðunum, og áhugaleysis, er þetta meiningarleysi hafi komið inn hjá mönnum, að þeir ekki í enn stærri hópum segi skilið við þessar gömlu skoðanir og gangi

hinum nýrri á hönd, því í alla staði sé þær orðnar þeirra hjartans sannfæring, þótt fjölda margir sé ekki enn þá vaknaðir til meðvitundar um það.

## II.

Skýrsla sú, sem vér höfum getið um hér að framan, er að mörgu leyti merkileg og eftirtektaverð. Það er í fyrsta skifti, að það hefir verið sett nefnd málsmetandi manna í Bandaríkjunum til þess, að athuga þar hið trúarbragðalega ástand hinna ýmsu þjóðflokka, er þar hafa sezt að. Þegar fólk kemur að heiman, frá hvaða landi sem það er í Evrópu, þá er búist við, að það flytji með sér allar þær sömu skoðanir, er það hefir alist upp við og lögin í heimalandinu hafa skipað. Þannig er það altaf látin vera sögð saga, að fólk úr kaþólsku löndunum sé kaþólskt og úr lúthersku löndunum lútherskt. Þessu hefir enginn gaumur verið gefin nú í langa tíð, en hver haft það eftir öðrum, að það væri svo, og við það hefir setið. Það hefir jafnvel gengið svo langt, að kyrkjudeildirnar hér hafa eignað sér alla, er flutt hafa til landsins þaðan sem slík kyrkjudeild er ríkiskyrkja.

Hið eina, sem eins og hefir virzt benda í öfuga átt við þessar staðhæfingar, eru hinar endaiausu fjárbænis í missíónssjóð, en svo hefir margur ætlað, að það væri gjört í því augnamiði að umvenda þeim, sem utan kyrkjunnar stæði. En hvaðan þá bæri að, þessa er utan kyrkjunnar standa, hefir aldrei verið spurt að. En nú er það augljóst eftir þessu nefndaráliti að dæma, að missíónssjóðnum er varið á annan veg. Í stað þess að breiða út að nokkrum mun hverja kyrkjudeild út af fyrir sig, gengur þetta fé í kostnað að halda uppi því verki, er lögin á gamla landinu unnu, nefnilega að sjá um, að fólk telji sig enn með, þótt hingað sé komið og það sé frjálst að trúu hverju, sem því gott þykir. Missíóns-peningarnir ganga út á það, á meðal kaþólskra, að vakta það, að allir, er koma hingað úr kaþólsku löndunum, haldi áfram að tilheyra þeirri kyrkju, og alveg hið sama er á meðal lútherskra. Vér Íslendingar þurfum ekki annað en líta til sjálfra vor hér, til þess að átta oss á þessu. Til hvers gengur nefskattur sá, „tíu centin“, sem lagður er á hvern einasta meðlim kyrkjufélagsins lúth-

erska? Enn sem komið er hefir ekki verið byrjað á neinu „heiðingja trúboði“, né heldur hefir hið Vestur-Íslenzka fagnað-ar erindi verið boðað neinum útlendum þjóðum. Nefskattur sá gengur í það, að prédika yfir hausamótum vor Íslendinga. Hann gengur í það, að varna því, að vér verðum fyrir nokkrum áhrifum annars staðar frá, en frá kyrkjufélaginu. Og hann gengur í það, að reyna að taka fyrir trúar og hugsanafrelsi vort, án þess vér verðum varir við það, með því að halda oss í sömu andlegu herkvínni, og vér höfum allt af verið í undir ófrjálsleg-um og aulalegum kyrkjulögum á Íslandi.

Vér efumst ekki um, að mönnum hafi ekki dottið í hug, að þessu væri þannig varið, en það er heldur ekki hægt að reka sig úr skugga um, að það sé einmitt svo, þegar farið er að skoða það. Það hefði kannske margir látið það vera, að gefa „tíu centin“ til þess að kúga landa sína, eða að minnsta kosti þeir menn kyrkjufélagsins, er álfra að hver ætti að fá að vera í friði með sínar skoðanir, ef þeim hefði verið þetta ljóst, en af því það hefir verið breidd þessi blæja yfir það og allt af verið hamr- að á því að vér værum allir lútherskir, þá hefir kannske gef- endunum fundist þeir vera að gera góðverk með því, að leggja þetta af mörkum.

Aðal-ósannindin eru innifalin í þeirri staðhæfingu, að allir sé þeirrar trúar, er lögin skipa í landinu, sem þeir koma frá. Eins og rannsókn sú sýnir, sem hafin hefir verið í því máli af Unitarafélaginu, þá er enginn hlutur meir fjarri sanni. Upphaf- lega hafa menn ýmsar skoðanir í trúmálum, og svo við það, að flytja í nýja heimsálfu og kynnast þar margvíslegum útlegging- um hinna kristnu lífsskoðana, smá skýrist fyrir þeim þeirra eig- in lífsskoðun, og þeir ná áttum.

Þeir fara að hugsa. Og það, sem aðgengilegast er fyrir skynsemi þeirra og velsæmi, það eitt verður þeim að rótgróinni sannfæringu, en hinu er hent fyrir borð.

Þess vegna í stað þess, að nokkur hætta sé á ferðum að losa skoðunum manna að hafa sinn eðlilega gang, þá er hættan einmitt innifalin í því, að reyna að stöðva þessa andlegu fram- þróun, að leggja hrösunarhellur á veginn fyrir menn, svo að þeir komist aldrei að því takmarki, að eignast sjálfstæða trú.

Það krenkir vöxt og viðgang þess eiginlegleika mannsins, sem allt hans siðlerðislega þrek hvílir á. Hann missir traust á sjálfum sér og hjá honum vex upp efi og tortryggni til alls og allra, eða þá að öðrum kosti að hann verður að skinhelgum hræsna. Þegar menn sjá lengra en þeir leyfa sér að ganga, þá er fyrsti grundvöllurinn lagður undir hræsni og yfirdrepskap.

Það, sem menn eiga langerviðast með, er að hræsna fyrir sjálfum sér í trúmálum, en þegar loks búið er að kenna þeim að ganga á því hála svelli, þá er mjög létt úr því að halda áfram ofan í móti og verða að sannfæringarlausri vindrellu, er snýst með öllum áttum.

### III.

Að rannsóknir líkar þeim, og að ofan er greint frá, skuli vera hafnar í Bandaríkjunum, sýnir að þar eru títanamót í trúarbragðalega heiminum.

Þjóðfélagsfræðin (Sociology) hefir komið af stað rannsóknum á siðmenningarstigum þeim, er hinar ýmsu stéttir mannfélagsins eru komnar á, svo sem lífnaðarháttum þeirra, atvinnugreinum og því, er miðar almenningi í heild sinni til heilla eða óheilla. Sem árangur af þessu starfi mannfélagsfræðinga mætti nefna ýmsar líknarstofnanir, er risið hafa upp í seinni tíð, líkt og ótal „Reformatory“ fram og aftur um hinn enska heim; verkstæði í sambandi við hegningarhúsin, sóttgæzlur í borgum og fl. Það, sem ekki er minnst um vert, er sú vaxandi viðurkenning, er erviðismaðurinn hefir öðlast í þjóðfélaginu, sem er beint þessu að þakka. Atvinnuspursmál hans eru orðin að landsmálum. Hann sjálfur er orðinn jafnoki sinna efnaðri meðborgara og persóna hans jafn heilög í augum laganna og þeirra, er fleiri dali á.

En nú er þjóðfélagsfræðin farin að ganga lengra. Nú er hún byrjuð á því, að taka til fhugunar kyrkjulífið líka. Enda hlaut að því að reka. Því margar mannfélagsins stærstu nauðir eiga þaðan ættir að telja. En nú er eftir að vita, hvernig kyrkjan sjálf tekur á móti þeim rannsóknum.

Fram að þessum tíma hafa fáir guðfræðingar skift sér mikið af því, að hvaða niðurstöðu þjóðfélagsfræðingar hafa komist. Margir hafa tekið vel á móti ýmsum bendingum í umbótaáttina,

og margar hinar frjálslyndari kyrkjur austur-ríkjanna eru sönn fyrirmynd í því efni.

Tvær kyrkjudeildir Bandaríkjanna hafa þegar látið til sín heyra og tekið feginsamlega á móti þessu nýmæli, en hinar hafa ekki enn látið álit sitt í ljósi. Kongregazionalistar, er vaxið hafa upp úr þeim barnskap að vilja ganga á bug allan nútíðar fróðleik, hafa sýnt, að þeir eru þessari nýju viðaukagrein þjóðfélagsfræðinnar mjög hlyntir, því án þess hefði ekki tímaritið „Outlook“ prentað þessa ritgjörð Dr. Steiners, er gengur í þessa átt, Unitarakyrkjan hefir og sýnt, að með því að gjörast nokkurs konar foringi þessa máls, vilji hún það áfram.

Nú í mörg undanfarandi ár hefir samanburðartrúfræði verið kennd við skóla þessa lands. En kennslan hefir öll gengið út á að bera saman kenningakerfi og siðfræðislögmál hinna ýmsu almennu trúarbragða. Kristindómurinn hefir verið skoðaður sem eitt trúarbragðakerfi, og þá vanalegast miðaður við kenningar Jesú, eins og þær eru í Nýja testamentinu.

Að það eru til ótal flokkar innan kristninnar, er kenna bæði það sem stendur í Nýja testamentinu og það sem þeir vilja láta vera í því, hefir enginn gaumur verið gefinn. En það er ekki ólíklegt, að einmitt þessi nýi viðauki þjóðfélagsfræðinnar fari nú að sinna því, fari að kenna þá réttu samanburðartrúfræði deildanna, er standa innan kristninnar sjálfar. En ef svo færi, spáum vér því, að einhverjar þýðingarmiklar breytingar yrði merkjanlegar, áður en langt liði. Vér vildum að eins óska, að þess yrði sem skemmst að bíða, því þá færum vér fyrst að sjá augliti til auglitis það, sem nú er í myrkrunum hulið.

Greinar Dr. Steiners í „Outlook“ um Þjóðverja, Pólverja og Bæheiminga eru í þá átt, eru lýsing á trúarlífi þeirra og samanburður á því og því, sem á sér stað meðal Kongregazionalista. Það eftirtektarverða fyrir oss Íslendinga er það, sem hann segir um þýzk-lúthersku kyrkjuna hér í landi og ástæðurnar, er hann álltur að liggi fyrir því, að „svo fáir eru með“, nefnilega þröngsýni kyrkjunnar sjálfar. Þeir menn, sem eiga ómögulegt með að standa í kyrkjunni nema því að eins, að hún afnemi það, sem þeim og öðrum er til hneykslis, þeim er útskúfað og gjörðir það-an heimilisrækir.—Þeir eru kviksettir.

Og þegar vér svo berum saman við þetta félagslíf vort, þá hljótum vér að viðurkenna, að mikið hið sama á sér stað. Hvað eru margir Íslendingar hér vestan hafs? Það er sagt, að vér séum hér um 30,000. Af þeim eru hvað margir í kyrkjufélaginu? Ekki fjórði partur. En hví eru ekki hinir með? Vegna þess að þeir eru trúarlega kviksettir, þeir fá ekki af sér, að játa afdráttarlausast allar kenningar lúthersku kyrkjunnar, eins og þær eru fluttar hér.

Það væri sjálfsagt allt of djúpt í árinna tekið, að segja hið sama um lúthersku prestana íslensku, og Dr. Steiner segir um þá þýzku, því það er áreiðanlegt, að það er enginn þeirra svo, að ekki vildi hann heill þjóðar vorrar, ef sú heill þyrfti ekki að koma í bága við heill kyrkjufélagsins.

En eitt mættum vér setja hér til skýringar, og það er, að hverri kyrkju væri það miklu stærri heiður, að vera svo stór og víðtæk í hluttekningu sinni í sálarþörfum manna, að þjóðin geti fundið til þess, að innan hennar veggja geti hún búið með opnum augum og góðri samvizku, heldur en þótt henni tækist að viðhalda nafni, er henni var upphaflega veitt í háðungarskyni og sem verður henni að örlagadómi, er aldir renna, vegna þeirrar fórnfæringar, er góði því er gjörð.

Vér Íslendingar erum flestir lesandi. Bókstafurinn er ekki lengur vort uppáhaldsgoð. Oss vantar andann. Oss vantar menninguna andlegu og veraldlegu. Vér þurfum samvinnu og siðfágun, svo oss beri ekki ofan í mannfélagsgrómið; svo ekki verði innlenda þjóðin knúð til þess, að bæta oss inn í verkahring sinnna „Slum-workers“, hvorki á andlega eða veraldlega vísu.

En hvað stoðar að segja, að vér þörfnumst alls þessa. Hér búum vér á sundrung, með sundrung í sál og hjarta; helmingurinn hábundinn, helmingurinn kviksettur, af því sumir gátu að eins sagt „Sibboleth“ í stað þess að segja „Shibboleth.“

---

**HEIMIR** er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 18 sinnum á ári og kostar \$1 árgangurinn. -- Í útgáfufélaginu eru þessir menn: B. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg.

Ritstjóri sfa Rögvaldur Pétursson, Winnipeg.

Utánáskrift til ritstjórnar blaðsins er: Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man. Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björn Pétursson, 663 Furby st., og eru allir útsölumenn og kaupendur ritsins boðnir að snúa sér til hans því viðtíkjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 636 Young st. Winnipeg Man.